

2010

Þjóðarspeggillinn

Karlanefnd Jafnréttisráðs 1994-2000

Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Karlanefnd Jafnréttisráðs 1994–2000

Ingólfur V. Gíslason

Árið 1991 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, nefnd sem „fjalla skyldi um stöðu karla í breyttu samfélagi og leiðir til að auka fjölskylduábyrgð þeirra“ (Félagsmálaráðuneytið, 1993, bls. 3). Nefndin var skipuð fjórum körlum og tveimur konum og var stundum uppnefnd „hagfræðinganeftindin“ því helmingur nefndarmanna var menntaður á því sviði. Nefndin skilaði skýrslu sinni til ráðherra í júlí 1993 (oft nefnd „karlaskýrslan“) og henni fylgdu erindi sem haldin höfðu verið á málþingi sem nefndin stóð fyrir í maí 1992. Alls voru tillögur nefndarinnar 16 að tölu og þar á meðal ein sem sneri að þáverandi Skrifstofu jafnréttismála. Var hún svohljóðandi: „Gerðar verði breytingar á áherslum í starfsemi Skrifstofu jafnréttismála þannig að sjónarmið karla fái þar meira vægi en verið hefur. Skipuð verði sérstök ráðgjafarnefnd til tveggja ára sem hafi það hlutverk að auka hlut karla í jafnréttisumræðunni og tryggja að sjónarmið þeirra komist til skila. Einum starfsmanni á skrifstofunni verði falið að fylgja ákvörðunum nefndarinnar eftir. Kynjakvóta verði beitt við tilnefningar í Jafnréttisráð“ (Félagsmálaráðuneytið, bls. 9). Tillögunni um sérstaka ráðgjafarnefnd var hrint í framkvæmd og Jafnréttisráð skipaði árið 1994 svokallaða Karlanefnd Jafnréttisráðs. Nefndin starfaði til ársins 2000 og var á þeim árum mjög áberandi í umræðum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti í starfsemi nefndarinnar og mat lagt á árangur starfs hennar. Rétt er að geta þess að höfundur þessarar greinar var starfsmaður nefndarinnar frá því í mars 1995 og þar til nefndin var lögð niður.

Áherslur nefndarinnar

Megináherslur Karlanefndar þau sex ár sem hún starfaði tóku mið af þeirri vinnu sem lá að baki karlaskýrslunni. Þó víðar hafi verið komið við þá voru höfuðáherslur nefndarinnar á eftirfarandi þætti: 1. Ofbeldi karla gegn konum; 2. Möguleikar karla til tóku fæðingarorlofs; 3. Staða fedra gagnvart börnum sínum ef til skilnaðar kemur; 3. Staða drengja í skólum; 4. Viðhorf íslenskra karla.

Þau verkefni sem nefndin lagði þó höfuðáherslu á þ.e. ofbeldi karla og fjölskyldustaða þeirra er einnig á sviðum þar sem sjálfsprottnar karlahreyfingar hafa fyrst og fremst orðið til. Má þar nefna t.d. White Ribbon Campaign hvað ofbeldi varðar og héraendis samtökin Félag ábyrgra fedra sem síðar varð að Félagi um foreldrajafrétti. Það má því segja að Karlanefnd hafi þar verið í takt við stefnur og strauma. Reyndar er karlnefnd þessarar tegundar ekki séríslenskt fyrirbæri. Slíkar nefndir störfuðu bæði í Noregi og í Danmörku en með nokkuð misjöfnum árangri. Þá starfaði samnorræn karlanefnd á árunum 1995 til 1997 og var formaður íslensku nefndarinnar einnig formaður hinnar norrænu. Sú nefnd skilaði greinargerð og aðgerðaáætlun sem út kom bæði á skandinavísku og íslensku (Norræna ráðherranefndin, 1997, 1998). Megináherslur þeirrar aðgerðaáætlunar voru í góðu samræmi við þær áherslur sem íslenska nefndin hafði haft í sínu starfi og svo sem sú norska líka.

Þessar nefndir endurspegluðu þá upplifun opinberra aðila að starfið væri staðnað og það eina sem gerðist væri að sömu aðilar færu með sömu tugguna á hverri ráðstefnunni á fætur annarri. Lítið myndi gerast meðan einvörðungu konur tækju þátt í umræðunni og starfinu, það væri nauðsynlegt að draga karla inn í umræðuna og það

gerðist ekki nema þeir töluðu saman. Þetta er raunar viðvarandi þema og má minna á tilraunir ráðuneytis félagsmála til að koma á alþjóðlegri karlaráðstefnu (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2005).

Nefndin var skipuð sem ráðgjafarnefnd og var því undirnefnd Jafnréttisráðs. Hún framkvæmdi ekkert án samþykkis þáðan þannig að ráðstefnur, fundir og útgáfur urðu að hljóta samþykki ráðsins. Nefndin leit hins vegar svo á að málfrelsi hefði hún í ljósi þess að henni var ætlað að efla umræður. Af þeim sökum var hún ófeimin við að álykta og varpa fram tillögum að eigin frumkvæði.

Í fyrstu var nefndin skipuð tveimur konum og þremur körlum. Konurnar hurfu hins vegar úr nefndinni við fyrstu endurskipun og eftir það var hún aðeins skipuð körlum. Að hluta lágu hentugleikaástæður að baki, nefndarmenn voru eftirsóttir sem fyrilesarar og til þátttöku í fundum en það var óskað eftir því að karl kæmi. Þessi einkynjun nefndarinnar kom þó oft til umræðu hjá Jafnréttisráði og innan veggja Skrifstofu jafnréttismála, sem vandamál og hugsanlegt lögbrot.

Viða hefur verið bent á það að völdum ákveðins hóps sé ekki síst viðhaldið með því að meðlimir hópsins loka sig af og hleypa ekki fulltrúum annarra að og sérstaklega ekki þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Þetta eigi meðal annars við um samskipta karla og kvenna þar sem völdum karla og undirokun kvenna sé meðal annars viðhaldið með einkynjun valdastofnana (Bird, 1996; Connell, 1987).

Þessi umræða hefur mikið tengst hugtakinu „forræðiskarlmennska“ (*hegemonic masculinity*) og deilum um notagildi þess. Í örstuttu máli inniber hugtakið þá hugmynd að í hverju samfélagi sé ein ríkjandi hugmynd um karlmennsku. Aðrir karlar (og konur) mæli sig við þessa hugmynd og sækist eftir að ná þeim hæðum. Hugmyndin raðar þannig körlum í valdastiga þannig að þeir sem fjærst eru hugmyndinni njóta takmarkaðra forréttinda þó karlar séu. Hér eru þá gjarnan samkynhneigðir eða kvengerðir karlar notaðir sem dæmi. Hugtakið hefur þann kost að það leysir upp tvískiptinguna sem innibar að sérhver karl væri alltaf valdameiri en sérhver kona, hverjar svo sem aðstæður eru. Hér er t.d. opnað á þann möguleika að þrátt fyrir að samfélagsgerðin sé með þeim hætti að hún ívilni körlum umfram konur þá séu karlar sem tapa á þeirri samfélagsgerð og að aðstæður séu til þar sem kona er valdameiri en karl (Folkeson, Nordberg og Smithwaite, 2000).

Að svo miklu leyti sem samsetning nefndarinnar kom til umræðu voru viðhorf til einkynjunar hennar í grundvallaratriðum þau að það væri ekki vandamál í ljósi þess að nefndin ætti fyrst og fremst að vera umræðuhvati og reyna að vekja athygli á sjónarmiðum sem ekki hefðu komist til skila. Að auki var ljóst að tillögur og starf áttu að miða að því að stuðla að jöfnum rétti og jöfnum möguleikum karla og kvenna. Vinnan væri því þvert gegn hefðbundinni samfélagslegri stöðu karla og kvenna, meðal annars með áherslunni á að karlar héldu til hefðbundinna kvennastarfa á vettvangi fjölskyldunnar.

Að öllum líkindum má einnig draga saman viðhorf nefndarmanna í þeim fyrirvara sem sleginn var í inngangi tillagnanna um Norrænt starf á sviðinu: „Það er mjög erfitt að gefa sér eitt ákveðið „sjónarhorn karla““ (Norræna ráðherranefndin, 1997, bls. 5). Það er að segja, norræna nefndin leit ekki svo á að hún gæti með nokkrum hætti túlkað „sjónarhorn karla“ því það væri ekki til, frekar en sjónarhorn kvenna. Fjölbreytnin væri of mikil til þess, mismunandi hagsmunir og mismunandi viðhorf. Íslenska nefndin leit svo á að þar væri um að ræða hóp karla sem væru í grundvallaratriðum sammála þeirri hugmynd að þoka þyrfti samfélaginu í átt til aukins jafnréttis og þeirra hlutverk væri að gefa körlum sem svipaðrar skoðunar væru, rödd í umræðunni auk þess að hafa áhrif á kynbræður sína.

Ofbeldi karla gegn konum

Starf nefndarinnar hófst í reynd með ráðstefnu sem haldin var í Norræna húsinu 12. nóvember 1994 undir yfirskriftinni „Karlar gegn ofbeldi.“ Þau erindi sem þar voru flutt voru síðan gefin út af Skrifstofu jafnréttismála undir sama heiti (Karlar gegn ofbeldi, 1995). Ástæða þess að starfið hófst með þessum hætti var sú skoðun nefndarmanna að svo lengi sem konur sem hópur hefðu ástæðu til að óttast karla þá væri tómmt mál að tala um jafna stöðu karla og kvenna. Því væri það á ábyrgð karla sem vildu beita sér í umræðu og starfi að jafnri stöðu kynjanna að vinna að því að ofbeldi karla gegn konum línnti.

Ein af tillögnum í karlaskýrslunni hafði snúið að því að bjóða körlum sem beittu ofbeldi, meðferð til að breytta hegðun sinni. Á þetta var einnig lögð áhersla á ráðstefnunni í Norræna húsinu. Inngangserindið flutti Marius Rákil, sálfræðingur hjá „Alternativ til Vold“ í Noregi, en það er eitt þekktasta meðferðarúrræði fyrir karla í Evrópu. Fleiri erindi ráðstefnunnar fjölluðu einnig um þetta atriði, að (margir) karlar sem beittu ofbeldi þyrftu aðstoð til að breyta hegðun sinni og að slík meðferð hefði sýnt sig skila árangri í mjög mörgum tilfellum. Meðan karlanefndin starfaði var áherslan á þessu sviði alltaf á tvo þætti. Annars vegar hinn almenna, að vekja og taka þátt í umræðum um ofbeldi, en hins vegar hið sérstæka, að sjá til þess að á Íslandi væri til staðar sálfræðilegt meðferðarúrræði fyrir karla sem beittu ofbeldi.

Næsta skref nefndarinnar var stigið haustið 1995 þegar nefndin gekkst fyrir vikulangri herferð undir sömu yfirskrift og ráðstefnan í Norræna húsinu, Karlar gegn ofbeldi. Sérstakt merki var hannað fyrir herferðina, krepptur hnefi með skástriki yfir (bannmerki). Var það merki notað við alla viðburði sem tengdust herferðinni. Fjölmíðlar liðsinntu herferðinni með því að birta á hverjum degi grein sem tengdist henni og voru þær merktar á áður nefndan hátt. Í samvinnu við Félag íslenskra teiknara var efnt til samkeppni um veggspjald sem tengdist efni herferðarinnar og var það sem sigraði fjölfaldað og dreift um allt land. Þá var boðið hingað til lands sænskum manni, Göran Wimmerström, sem mikið hafði beitt sér í umræðu um ofbeldi karla og var einn af meðferðaraðilum við Manscentrum í Svíþjóð. Hann fór víða þessa viku og flutti eitt til tvö erindi á hverjum degi, bæði opinberlega og eins á lokuðum fundum fagaðila svo sem á félagsfundum geðlækna. Síðast, en ekki síst, ber að nefna að nefndin fékk þrjá félagsfræðinga til að skrifa sérstakan bækling, sem hét einfaldlega *Ofbeldi* og var hugsaður sem kennsluefni fyrir framhaldsskóla um ofbeldi í nánnum samböndum (Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 1995). Þessum bæklingi var dreift til félags- og sálfræðikennara í öllum framhaldsskólum sem við vildu taka. Þau ár sem nefndin starfaði var síðan hvert haust haft samband við skólana aftur og þeir sem þyrftu fleiri bæklinga fengu þá senda. Þar að auki var þess getið á upphafssíðu að „bók þessa má afrita með öllum hætti.“

Þó svo að áherslan í þessari herferð væri um margt á að vekja almenna athygli á málefnum og koma rödd karla betur á framfæri hvað þetta málefni varðar, þá var eftir sem áður undirliggjandi þema að héraendis þyrfti að koma á laggirnar sálfræðilegri meðferð fyrir karla sem beittu ofbeldi. Þeirri hugmynd var alls staðar vel tekið hvort heldur var í almennri samfélagslegri umræðu eða hjá opinberum aðilum. Ekkert varð þó af framkvæmd fyrr en þremur árum síðar eða 1998. Þá var það að Rauði kross Íslands gekk til liðs við nefndina og lofði bæði húsnæði og fé til að koma meðferðinni af stað. Ekki var það þó nægilegt sem Rauði krossinn lagði til og var víða leitað eftir viðbótarfjármagni. Þau fimm ár sem Karlar til ábyrgðar, en svo var úrræðið nefnt, starfaði lagði Rauði krossinn fram mest fé, þá ráðuneyti heilbrigðismála og svo ráðuneyti félagsmála. Verkefnið var sett upp sem tveggja ára tilraun og að þeim tíma liðnum var það metið. Matsnefndin mælti með áframhaldandi starfsemi með nokkrum breytingum. Enginn reyndist hins vegar viljugur til að axla fjárhagslega ábyrgð og eftir

hark í nokkra mánuði til viðbótar á grundvelli óljósra vilyrða og jákvæðni varð að hætta starfseminni árið 2001. Árið 2006 ákvað síðan þáverandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, að endurreisa starfsemina og tryggja henni rekstrarfé. Karlar til ábyrgðar hefur starfað síðan og því óhætt að segja að Karlanefnd Jafnréttisráðs hafi fengið vilja sínum framgengt hvað þetta varða.

Fjölskyldustaða karla – fæðingarorlof

Grunnurinn að vinnu Karlanefndar varðandi fjölskyldustöðu karla og sérstaklega möguleika þeirra til fæðingarorlofs var lagður í „karlaskýrslunni.“ Þar var lagður til sjálfstæður réttur karla til töku fæðingarorlofs í a.m.k. tvær vikur auk þess sem bent var á nauðsyn heildarendurskoðunar laga um fæðingarorlof. Það var raunar orðið að þrástefi í samfélagslegri umræðu, það var nokkuð ljóst að þau mál voru í afar slæmri stöðu á Íslandi sérstaklega ef miðað var við stöðuna á hinum Norðurlöndunum.

Í lok árs 1995 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að endurskoða frumvarp um breytingar á lögum um fæðingarorlof frá 1990. Karlanefnd fagnaði þessu frumkvæði opinberlega og sendi nefndinni tillögur sínar til breytinga. Jafnframt birtu nefndin tillögur sínar til breytinga ásamt stuttri greinargerð í *Morgunblaðinu* 16. desember 1995. Tillögurnar voru reyndar birtar víðar og var Morgunblaðsgreinin meðal annars tekin upp í heilu lagi sem fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um fæðingarorlof fedra frá 1995 (Alþingi, 1995). Tillögurnar voru í fimm liðum:

1. Stefnt verði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum.
2. Lágmarkskrafa er að fedur fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns.
3. Foreldrar hafi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og greiðslna.
4. Áhersla verði á sveigjanleika í töku orlofs, til að mynda að því megi dreifa á tvö ár.
5. Tekjuskerðing foreldra í fæðingarorlofi má ekki standa í vegi fyrir töku þess.

Áherslan í þessum tillögum er á að einstaklingsvæða orlofið, það verði annars vegar fyrir föður og hins vegar fyrir móður. Nefndin mat það svo að erlendar athuganir og innlend reynsla sýndi með skýrum hætti að sameiginlegt, en skiptanlegt, orlof verði orlof móður. Því sé skynsamlegasta leiðin til breytinga að binda orlofið við sitt hvort foreldrið. Að auki lagði nefndin áherslu á að horfið yrði frá því sem einkennt hafði íslenska kerfið þ.e. að réttur annars aðilans (fedra) væri afleiddur af rétti hins (mæðra). Það taldi nefndin að væri ekki skynsamleg leið til að auka meðvitund fedra um ábyrgð sína innan fjölskyldunnar og gagnvart börnunum. Þetta ýtti undir hugmyndir um að börnin séu kvennanna en ekki karlanna.

Þessum tillögum var víða fagnað og þær voru með einum eða öðrum hætti viðvarandi þáttur í umræðum um breytingar á lögum um fæðingarorlof seinni helming tíunda áratugarins (ítarlega frásögn af viðbrögðum, ályktunum og viðhorfum má finna í Ingólfur V. Gíslason, 2007). Karlanefnd beitti sér víða til að þoka málinu áfram og það sama á raunar við um marga aðra aðila sem komu að umræðum um jafna stöðu kynjanna. Meðal annars hafði Skrifstofa jafnréttismála frumkvæði að málshöfðun um einn þátt laga um fæðingarorlof og var sá þáttur dæmdur stjórnarskrárbrot í Hæstarétti 5. febrúar 1998 (mál nr. 208/1997).

Á vordögum 2000 lagði síðan þáverandi ráðherra félagsmála, Páll Pétursson, fram frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof sem gjörbylti öllum þeim málum á Íslandi. Lögum var nokkurn vegin alls staðar fagnað í samfélaginu og við loka atkvæðagreiðslu á þingi greiddi enginn þingmanna atkvæði gegn frumvarpinu. Öll uppbygging hins nýja fæðingarorlofskerfis var í samræmi við þær hugmyndir sem Karlanefnd hafði lagt fram þó svo að orlofið væri aðeins lengt í 9 mánuði í stað 12 og tekjutenging greiðslna var heldur lægri en nefndin hafði lagt til en hún taldi að greiðslur þyrftu að vera um 90% fyrri launa. En þrískipting heildartímans var inni sem

og sveigjanleikinn og tekjutengingin. Það er því óhætt að segja að hvað möguleika feðra til fæðingarorlofs varðar hafi nefndin fengið vilja sínum framgengt.

Forsjárlausir feður

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf fóru henni að berast ýmis erindi frá körlum sem töldu sig eiga undir högg að sækja í samfélaginu með einum eða öðrum hætti. Fleiri og fleiri erindi bárust frá feðrum sem töldu sig beitta óréttlæti þegar kom að möguleikum þeirra til umgangast börn sín eftir skilnað frá móðurinni. Ljóst varð að þetta málefni brann mjög á ákveðnum hópi karla. Nefndin skoðaði hvernig þessum málum væri háttað í nágrannalöndum okkar og samdi í kjölfarið greinargerð með tillögum til breytinga. Reynt var að fá þær birtar í *Morgunblaðinu* en þegar það tókst ekki var ákveðið að birta þær í blaðinu *Dagur-Tíminn* og þar birtust þessar hugmyndir 24. janúar 1997 undir fyrirsögninni „Sameiginlegt forræði verði regla.“

Inntak greinargerðarinnar var að löggjöf og hið opinbera yrði í auknum mæli að byggja á því að ýta undir og stuðla að samvinnu foreldra um barn sitt eða börn þó svo að þau hafi ákveðið að slíta samvistir. Það sé bæði það sem börnum sé fyrir bestu og einnig í samræmi við breytingar á samfélagslegri stöðu karla og kvenna síðustu ár og áratugi. Í lok greinarinnar var tveimur hugmyndum varpað fram til umræðu. Önnur þeirra var sú að sameiginleg forsjá foreldra verði meginregla við skilnað eða sambúðarslit og hins vegar að foreldra- og fjölskyldfræðsla verði eflað og það gert að skilyrði fyrir sameiginlegri forsjá að foreldri sækji sér fræðslu um tengsl foreldra og barna, áhrif skilnaðar á börn og hver sé ábyrgð foreldra.

Í mars 1997 ritaði Karlanefnd svo dómsmálaráðherra bréf þar sem sagði m.a.:

Um nokkurt skeið hafa svo mörg formleg og óformleg erindi borist Karlanefnd Jafnréttisráðs frá ferðum sem telja sig eiga í erfiðleikum vegna forræðis- og umgengnisréttar að ljóst er að um verulegt vandamál er að ræða. Í sömu átt hniga sívaxandi opinber umræða og fjölmiðlaumfjöllun. Karlanefnd Jafnréttisráðs telur miklu skipta að þessum viðkvæmu og erfiðu málum sé þannig fyrir komið að hagur barnanna sé sem best tryggður og reynt sé að draga eins og unnt er úr hættu á deilum milli foreldra. Nefndin vill því beina þeim tilmælum til yðar að skipuð verði sérstök nefnd til að kanna stöðu málsins. ... (Dómsmálaráðuneytið, 2005).

Ráðherra dómsmála brást vel við, skipaði nefndina og hóf hún störf í júní 1997 og skilaði lokaskýrslu í mars 2005. Þar voru lagðar til breytingar í níu liðum: 1. Að gefinn verði út bæklingur sem kynni hvað felist í sameiginlegri forsjá. 2. Að lögum verði breytt þannig að sameiginleg forsjá verði meginreglan við skilnað og sambúðarslit foreldra. 3. Brugðist verði við ólögmatum umgengnistálmunum þess foreldris sem barn býr hjá með viðurlögum svo sem frýstingu meðlags, niðurfellingu barnabóta og að foreldri sem tálmar umgengni eigi ekki aðgang að sýslumannsembættum um úrskurð til að fá aukið meðlag eða sérframlög. 4. Sambúðarslita- og skilnaðarsamningar geymi ákvæði um fyrirkomulag umgengni. 5. Nánari skilgreining í barnalögum á því hvert sé inntak sameiginlegrar forsjár. 6. Skilvirk og fljótleg úrræði ef umgengni er tálmað svo sem frýsting meðlags og barnabóta. 7. Viðurkenning á framfærslu foreldris sem barn býr ekki hjá svo sem með því að tryggja því barnabætur. 8. Hraðari afgreiðsla ágreiningsmála foreldra. 9. Ráðgjöf fyrir foreldra, sem eru í þeim hugleiðingum að skilja eða slíta sambúð, til að fyrirbyggja forsjárdeilur síðar meir.

Svo sem sjá má eru þær hugmyndir sem Karlanefnd viðræði árið 2007 í þessum tillögum forsjárnefndar. Eftir þetta hefur barnalögum verið breytt þannig að sameiginleg forsjá er meginregla eftir skilnað eða sambúðarslit (Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006. 1. gr.). Þá hefur dómsmálaráðherra kynnt drög að

frumvarpi um breytingar á ákvæðum barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni. Samkvæmt þeim drögum á að taka tillit til umgengni þegar ákvörðun er tekin um meðlagsgreiðslur. Það verður þá að hvíla á skriflegum samningi foreldra um umgengni (Dómsmálaráðuneytið, e.d.). Þessar breytingar eru í samræmi við áherslu Karlanefndar á jöfnun foreldraábyrgðar en það er jafnframt athyglisvert að hugmyndin um námskeið til að gera foreldrum ljósar afleiðingar skilnaðar á börn og leiðir til að milda slæmar afleiðingar, hefur ekki átt brautargengi að fagna.

Staða drengja í skólum

Menntakerfið og möguleikar drengja þar innan komu oft til umræðu á fundum nefndarinnar. Erlendar og nokkrar innlendar rannsóknir bentu til þess að drengir ættu í erfiðleikum í menntakerfinu sem að einhverju leyti mætti rekja til kyns þeirra þó auðsæð væri að verulega var umdeilt hver eða hverjar orsakirnar væru (Bushweller, 1994; Jordan, 1995, Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 1996). Karlanefnd ákvað að efna til ráðstefnu um málið og ritaði ráðuneyti menntamála bréf og óskaði eftir samstarfi. Ráðuneytið tók þeirri málaleitan vel og 27. nóvember 1997 var haldið sameiginlegt málþing Karlanefndar og menntamálaráðuneytis undir yfirskriftinni „Strákar í skóla.“ Ráðstefnan var afar fjölsótt og þau erindi sem þar voru flutt voru síðar gefin út af ráðuneytinu og Skrifstofu jafnréttismála (Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála, 1998).

Engar sérstakar tillögur um aðgerðir eða breytingar voru lagðar fram enda hugmyndin fyrst og fremst að efla umræðu. En á Alþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar sem skyldi skoða aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum. Sú nefnd var skipuð en hittist aðeins einu sinni eða tvisvar og skilaði engu frá sér. Umræðan um stöðu drengja í skólum blossar raunar upp með jöfnu millibili og má hér nefna sem síðasta dæmi ákvörðun menntaráðs Reykjavíkur að skipa starfshóp til að leita leiða til að bæta námsárangur drengja (Reykjavíkurborg, 2010).

Viðhorf og væntingar íslenskra karla

Karlanefnd var það ákveðið áhyggjuefni hvort hún væri að fjalla um og taka á málum sem í reynd væru eitthvað sem brynni á íslenskum körlum eða væri raunverulegt framlag til umræðna um stöðu karla og kvenna og stuðlaði að því að jafna þá stöðu. Nefndin var skipuð af opinberum aðila, hún var einkynja (að frátöldu fyrsta árinu), nefndarmenn voru á líkum aldri og allir á höfuðborgarsvæðinu. Þá var ekki mikið um „sjálfsprottnar“ karlahreyfingar hérlendis, sem eitthvað væri unnt að miða við. Því var það að nefndin afréð að reyna að forvitnast eitthvað um viðhorf og væntingar íslenskra karla.

Verkið var unnið á tvennan hátt. Annars vegar keypti Jafnréttisráð könnun sem Gallup hafði framkvæmt hérlendis sem hluta af alþjóðlegri könnun um fjölskyldu- og kynjamálefni. Hins vegar var starfsmanni nefndarinnar falið að framkvæma eigindlega könnun með viðtölum við 25 unga (20-35 ára) íslenska karla. Til að tryggja nokkra breidd í þeim viðtölum voru nokkur stéttarfélög fengin til aðstoðar og lögðu þau til nöfn félagsmanna sem síðan var haft samband við. Sú könnun birtist síðan í bók sem Skrifstofa jafnréttismála gaf út (Ingólfur V. Gíslason, 1997).

Niðurstöður beggja þessara athugana bentu ótvírætt til þess að nefndin gengi í takt við íslenska karla (og konur) hvað varðar áherslur sínar á fæðingarorlof og möguleika íslenskra karla til fjölskyldulífs (sjá t.d. umfjöllunina á bls. 24-38 í Ingólfur V. Gíslason, 1997). Var það nefndinni mikill styrkur í starfi hennar.

Árangursmat

Karlanefndin var í upphafi aðeins skipuð til tveggja ára en Jafnréttisráð ákvað ár frá ári að framlengja þann tíma þannig að þegar upp var staðið hafði nefndin starfað, með mannbreytingum í ríflega sex ár. Ástæða þess að hún var lögð niður árið 2000 var að þá var lögum um Jafnréttisráð breytt þannig að tryggt átti að vera að í ráðinu ríkti jafnvægi milli karla og kvenna. Upphaflega réttlætingin fyrir stofnun Karlanefndar var þá horfin og nefndin lauk störfum. Hún gat verið ánægð með það sem áunnist hafði á þessum árum og þá sérstaklega hvað varðar breytingar á lögum um fæðingarorlof og starfsemi Karlar til ábyrgðar. En einnig hvað önnur áhersluatriði varðar hafði nefndinni tekist það ætlunarverk sitt að skapa umræður og gefa körlum rödd hvað varðar breytingar á stöðu kynjanna.

Meginskýringin á árangri Karlanefndar Jafnréttisráðs felst í uppbyggingu nefndarinnar. Þegar starfið hófst voru einstaklingar valdir í nefndina á grundvelli áhuga þeirra á málefnum. Eftir það fékk nefndin meira og minna að endurnýja sig sjálf og fylgdi sömu línu þ.e. að setja áhugann í fyrsta sæti. Hins vegar var jafnframt reynt að hafa breidd í nefndinni þannig að þeir sem í henni sátu hefðu tengingu inn á þau svið samfélagsins sem nefndin vildi helst hafa áhrif á. En, og það var lykilatriðið, þeir sem í nefndinni sátu voru ekki fulltrúar eins eða neins, þeir höfðu ekkert bakland til að passa. Það hafði í för með sér að þeir höfðu afar frjálsar hendur hvað varðar stefnumótun og ályktanir og einnig til að beita sér með formlegum og óformlegum hætti. Það var líka óspart gert og nefndin var mjög sýnileg þau ár sem hún starfaði eins og sjá má t.d. í ársskýrslum Skrifstofu jafnréttismála.

Sú leið að skipa fólk í nefnd á grundvelli áhuga frekar en sem fulltrúa samtaka er alveg öfug við það sem lagt hefur verið til grundvallar varðandi Jafnréttisráð. Þar hafa ávallt setið fulltrúar hópa og samtaka og hefur þeim farið jafnt og þétt fjölgandi sem þangað hafa verið settir. Þetta, með öðru, hefur gert að verkum að frumkvæði Jafnréttisráðs og forysta í samfélagslegri umræðu er afskaplega lítil, svo ekki sé meira sagt. Þeir sem þar sitja eru fulltrúar ákveðinna samtaka og hópa og þurfa að gæta þess að ekki halli á viðkomandi hóp eða samtök eða að eitthvað sé samþykkt eða gert sem gengur gegn, eða er á skjön við hagsmunamat viðkomandi samtaka. Því þarf stöðugt að semja og leita málamiðlana. Það hefur haft lamandi áhrif á alla starfsemi ráðsins. Líklegt virðist að það fyrirkomulag sem einkenndi Karlanefnd Jafnréttisráðs geti hentað víðar í stjórnkerfinu þar sem löngun er til að hrista upp, auka umræðu og ýta undir samfélagslegar breytingar.

Heimildir

- Alþingi. (1995). *Tillaga til þingsályktunar um fæðingarorlof feðra*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.althingi.is/altext/120/s/0309.html>
- Bird, S. R. (1996). Welcome to the Men's Club. Homosexuality and the Maintenance of Hegemonic Masculinity. *Gender and Society*, 10(2), 120-132.
- Bushweller, K. (1994). Turning our backs on boys. *The American School Board Journal*, May, 20-25.
- Connell, R. W. (1987). *Gender and Power*. Cambridge: Polity Press.
- Dómsmálaráðuneytið. (2005). *Forsjárnefnd. Lokaskýrsla til dómsmálaráðherra*. Sótt 18. ágúst 2010 af <http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsjarnefnd-loka-skyrsla.pdf>
- Dómsmálaráðuneytið. (e.d.). *Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*. Sótt 19. ágúst 2010 af http://www.domsmalaraduneyti.is/media/frettir/Frumvarp_medlag_04.02.10.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. (1993). *Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytis og erindi flutt á málþingi í maí 1992 um breytta stöðu karla og leiðir til að auka úbyrgð þeirra á fjölskyldulífi og börnum*. Reykjavík: Höfundur.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2005, 1. desember). Alþjóðleg ráðstefna haldin í kjölfar „Karla um borð.“ Sótt 26. september 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2146>
- Folkesson, P., Nordberg, M. og Smithwaite, G. (ritstjórar). (2000). *Hegemoni och mansforskning. Rapport från nordiska workshopen i Karlstad 19 – 21 mars 1999*. Karlstad: Karlstads Universitet.
- Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (1995). *Ofbeldi*. Reykjavík: Jafnréttisráð, karlanefnd.
- Hrd. (1998). Mál nr. 208/1997.
- Ingólfur V. Gíslason. (1997). „*Karlmenn eru bara karlmenn*.“ *Víðhorf og væntingar íslenskra karla*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Ingólfur V. Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi. Þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Jordan, E. (1995). Fighting boys and fantasy play: The construction of masculinity in the early years of school. *Gender and Education*, 7(1), 69-86.
- Karlar gegn ofbeldi Erindi flutt á ráðstefnu Karlanefndar Jafnréttisráðs laugardaginn 12. nóvember 1994*. (1995). Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006*.
- Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála. (1998). *Strákar í skóla. Erindi frá málþingi Karlanefndar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytis 27. nóvember 1997*. Reykjavík: Höfundur.
- Norræna ráðherranefndin. (1997). *Karlar og jafnrétti. Greinargerð og framkvæmdaáætlun*. Kaupmannahöfn: Höfundur.
- Norræna ráðherranefndin. (1998). *Menn og likestilling – handlingsplan og bakgrunnsnotat*. Kaupmannahöfn: Höfundur.
- Reykjavíkurborg. (2010, 17. ágúst). *Aðgerðir til að bæta námsárangur drengja*. Sótt 19. ágúst 2010 af http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3801/2281_read-22550/
- Þórólfur Þórlindsson og Jon Gunnar Bernburg. (1996). *Ofbeldi meðal íslenskra unglinga. Rannsóknarrit nr. 4 – Æskulýðsrannsóknir*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.